

## Leirulækur ofan Þingvalla

**Axel Valur Birgisson**

**Greinargerð AVB-99-02**

## Leirulækur ofan Þingvalla

Norðan Þingvallavatns er árfarvegur sem í rennur Leirulækur (lækurinn nefnist einnig Hrútagilslækur á sumum kortum). Í Leirulæk renna Grímagilslækur og lækir úr Svartagili og Hrútagili (sjá meðfylgjandi kort <sup>1</sup>). Leirulækur fellur niður í Hvannagjá fyrir ofan vellina við afleggjarann til Kaldadals, skammt ofan núverandi þjónustumiðstöðvar.

Ástæða þessara skrifa er sú, að er vinna hófst við ákvörðun yfirborðsvatnasviðs Þingvallavatns kom í ljós að ekki var allt sem sýndist á umræddu svæði. Þurrir farvegir ofan þjóðvegarins vöktu grunsemdir vatnamælingamanna enda sýndu kort allt annað. Var því brugðið á það ráð að fara á staðinn um miðjan maí sl. og aðstæður kannaðar frekar.

Ef keyrt er þjóðveginn milli brúarinnar yfir Öxará og hliðsins inn í þjóðgarðinn þar sem vegurinn liggur niður á vellina, má sjá þurra farvegi norðvestan við veginn (mynd 1). Sætti þetta nokkurri undran enda kom í ljós að vatn er í farveginum ofan til hjá skeiðvellinum skammt frá Bolabás en hvert það vatn rann var á huldu enn sem komið var. Það er í sjálfum sér ekki í frásögur færandi að farvegir séu þurrir en að það renni einungis í hluta farvegar ofan til sem er síðan þurrausinn stuttu neðar var undarlegt. Var því gengið eftir blautu farveginum hjá skeiðvellinum og í áttina að þjóðveginum því eitthvert hlaut vatnið að renna enda ekki algengt svo vitað sé, að vatnsföll gufi hreinlega upp á nokkrum hundruðum metra kafla.



Mynd 1: Þurr farvegur norðan þjóðvegarins til Þingvalla. Hrafnabjörg í baksýn (mynd AVB, maí 1999)

Eftir talsverðan spöl kom margt skemmtilegt í ljós. Greinilega ummerki sáust fljótlega á farveginum sem fylgt var eða þeim sem flytur vatn ofan úr Svartagili og Hrútagili (sjá kort aftast). Komu þar í ljós upphlaðnir varnargarðar samsíða ánni og var ræsi við endann

<sup>1</sup>Kort 1613 I Þingvellir 1:50 000



á einum þeirra (mynd 2). Um 20 metrum neðar blasti við lítið stíflumannvirki (mynd 3) sem greinilega var í einhverri notkun því nýlegt timbur var á víð og dreif á staðnum. Neðan við stífluna er greinilega búið að sprengja farveg í gegnum hraunið. Var nú þessi könnunarganga fyrst að verða spennandi enda ekki auðséð í svipan hvert þetta vatn rynni. Síðar kom í ljós að lækurinn steypist ofan í sprungu eina djúpa (mynd 4) og þaðan eftir henni í áttina að Öxará og Almannagjá. Með öðrum orðum: vatni úr Grímagili, Svartagili og Hrutagili er veitt með görðum og rásum ofan í þessa annars ágætu gjá en handan ræsisins blasir við þurr farvegur Leirulækjar sem annars rennur framhjá þjóðveginum og steypist fram af gjábrún Hvannagjár.



**Mynd 2:** Varnargarðurur með ræsi, lækurinn í bakgrunni rennur í vesturátt (mynd AVB, maí 1999)



**Mynd 3:** Stíflumannvirki, farvegurinn hefur verið sprengdur í gegnum bergið (mynd AVB, maí 1999)





Mynd 4: Lækurinn steypist ofan í gjá (mynd AVB, maí 1999)

Var nú farið á stúfana í að finna skýringar á þessum mannvirkum. Eftir nokkra leit fannst aldurniginn starfsmaður Vegagerðarinnar í Reykjavík, Eyvindur Jónasson að nafni, sem kunnugur var þessum framkvæmdum en Eyvindur vann sem vélamaður og valtarastjóri hjá Vegagerðinni um langt ára skeið.


Í stuttu máli var frásögn Eyvindar á þessa leið. Árið 1959 eða 1960 var vegur lagður á svokölluðum Efrivöllum eða þar sem núverandi vegur liggur ofan Almannagjár<sup>2</sup>. Kom síðar í ljós að lækur sem þar rann (Leirulækur) óx svo mikið í vorleysingum að hann tók veginn í sundur í brekkunni þar sem hann liggur niður á vellina hjá Þjónustumiðstöðinni. Ollu þessi árlegu flóð miklum spjöllum á vegum og slóðum. Var því brugðið á það ráð að gera varnargarða á Efrivöllum til að sporna við vorflóðunum ásamt því að sprengt var haft í bergið sem nefnt var Litla-Almannagjá meðal vegavinnumanna. Þetta var í kringum 1962. Var lækjunum veitt til áður nefndar gjár en það var trú manna að gjáin bæri vatnið þaðan til Öxarár. Það verður reyndar að teljast hæpið enda hverfur vatnið langt ofan í sprunguna sem er yfirgróin er lengra kemur. Frekar má halda að vatnið sameinist grunnvatnsstraumum til Þingvallavatns enda rennur Öxará á eigin þéttingu sem líklega er ekki í tengslum við sprungur á svæðinu. Vegagerðin sér svo um að loka Litlu-Almannagjá og opna fyrir Leirulæk í gegnum ræsið á varnargarðinum (mynd 2) eftir að vorflóð eru yfirstaðin en loka því svo aftur að hausti. Er það gert að beiðni Þjóðgarðsvarðar enda Leirulækur mikið náttúruþryði þar sem hann rennur niður í Hvannagjá.

Eyvindur lagði mikla áherslu á að þegar umrædd framkvæmd var gerð á sínum tíma hafi verið reynt að raska umhverfinu eins lítið og hægt var. Gengið var frá gördum og öðru þannig að

<sup>2</sup>Þjóðvegurinn lá áður um Almannagjá en var aflagður í kringum 1968

Ítið bæri á og var mikið spáð og spekulerað um vænlegar leiðir að sögn Eyvindar. Hvort að það hafi verið vegna sterkrar umhverfisvitundar vegavinnumanna þess tíma eða vegna beiðni yfirmanna að framkvæmdin færi sem hljóðast skal ekki um sagt en allavega sést framkvæmdin illa nema að henni sé komið og garðarnir falla ágætlega inn í umhverfið.

Niðurstaða þessa máls er því sú að vatnasvið Öxarár fær óvæntan liðsauka frá vatnasviði lækjanna af Gagnheiðinni og Súlnaberginu frá september til maí hvert ár.

  
Axel Valur Birgisson





# Leirulækur - vatnasvið

Amundshólar  
Gjafakakhraun

Kársadalillíó

Stoflóti

Nothólar

ÞINGVELLIR

ÞINGVALLAHRAUN

ÞINGVALLASKÓGAR

Svinhólar  
Helli Jæð